

Kertastjaki úr fernu og greinum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Kynna nemendum ársvöxt trjáa og vinna með lifandi efni. Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Náttúrufræði, myndmennt og stærðfræði.

Aldur: Öll aldurstig.



VERKLÝSING

Farið í gönguferð í skóginn til að safna heppilegu efni. Þá er átt við grannar greinar eða ársprota runnkenndra plantna í skóginum eða limgerðisplantna í görðum.

Neðsti hlutinn er skorinn af 1 l mjólkurfernu eða ½ l rjómafernu, þannig að til verði u.þ.b. 4-5 cm djúpur kassi.

Grannar greinar af viðju eða annarri trjá- eða runnategund eru klipptar niður í örlítið mislanga 5-6 cm langa búta. Greinabútarnir eru límdir þétt utan á kassann. Þegar búið er að líma allan hringinn er borið á viðinn eða hann lakkaður svo að hann endist betur.

Í botninn má leggja smásteina eða sand í þunnt lag eða hrísgrjón. Sprittkerti lagt ofan í.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Auðveldast er að gera þetta þegar lafið hefur fallið af á haustin. Um það bil eina kennslustund tekur að safna greinum og önnur kennslustund fer í að búa kertastjakann til.

Tómar, hreinar fernur með ferningslaga botni. Grannar greinar, lím, klippur, dúkahnífur eða beitt skæri og sprittkerti.